



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Ályktanir aðalfundar SSV 2008

Haldinn í Dalabyggð 18. september 2008



Sveitarstjórna- og byggðanefnd.

Tekjuþróun ríkis og sveitarfélaga

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, telur að enn vanti töluvert á að sveitarfélögin hafi tekjur til að sinna lögbundnum skyldum sínum. Mikilvægt er að sveitarfélög fái trausta tekjustofna til að sinna lögbundnum skyldum og standa undir kostnaði við þau verkefni sem löggjafinn felur þeim.

Fundurinn tekur undir áskorun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á ríkisstjórnina um lausn á fjármagnsvanda sveitarfélaga. Þess er m.a. krafist að 1.400 m.kr. framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði viðhaldið á næstu árum, lög um fjárhagslegan stuðning viðfráveituframkvæmdir verði framlengd, varasjóður húsnæðismála verði tryggðir fjármunir til að sinna hlutverki sínu og að jöfnunarsjóði verði tryggðir fjármunir til að styðja sameiningu sveitarfélaga.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð, 18. september 2008, telur mikilvægt að áfram verði haldið með þá vinnu að komast að samkomulagi um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa mörg hver áhuga og getu til að taka við auknum verkefnum sem nú eru hjá ríkinu og er það liður í eflingu sveitarstjórnarstigsins og byggðalaga á landsbyggðinni að verkefnum verði dreift um landið með öðrum hætti en nú er. Aðalfundurinn fagnar þeirri yfirlýsingu samgönguráðherra á fundinum að þung áhersla verði lögð á samstöðu um breytingu á tekjustofnum samhliða flutningi verkefna á sviði fatlaðra og aldraðra til sveitarfélaga.

Tónlistarnám

Aðalfundur SSV haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, leggur áherslu á endurskoðun samnings ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi. Eðlilegt er að ríkið standi straum af tónlistarnámi á framhaldsskólastigi.



Menningarmál

Aðalfundur SSV, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, fagnar menningarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi. Samningur ríkisvaldsins og sveitarfélaga um menningarmál á Vesturlandi hefur reynst vera mikil lyftistöng fyrir menningu landshlutans. Nú þegar unnið er að endurnýjun samningsins til næstu þriggja ára er mikilvægt að meira jafnræðis verði gætt milli landshluta hvað varðar fjárveitingar á íbúa en nú er.

Málefni innflytjenda.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, fagnar framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem samþykkt var á vorþingi 2007 og hvetur sveitarfélög til að kynna sér drög að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málaflokknum.

Niðurskurður í aflaheimildum – mótvægisáðgerðir.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, lýsir þungum áhyggjum af því að áhrif niðurskurðar aflaheimilda í þorski muni koma enn þyngra niður á samfélögum sem byggja afkomu á sjávarútvegi á yfirstandandi ári en því fyrra.

Með vísan til mismunandi sýnar hagsmunaaðila í sjávarútvegi annars vegar og Hafrannsóknastofnunar hins vegar á fiskgengd í hafinu við Ísland beinir aðalfundur því til sjávarútvegsráðherra að hann leiti fiskveiðiráðgjafar víðar en hjá Hafrannsóknarstofnun t.d. háskólum og óháðum rannsóknastofnunum.

Í núverandi efnahagsástandi er mikilvægt að ríkisvaldið styðji sjávarbyggðirnar með markvissum hætti, þannig að um langtíma atvinnuuppbyggingu sé að ræða.

Landbúnaður

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, lýsir þungum áhyggjum yfir stöðu bænda og þá sérstaklega sauðfjárbænda vegna stöðugra verðhækkana aðfanga og mikils vaxtakostnaðar. Ef ekki verður gripið til aðgerða er ljóst að fjölmargir bændur muni bregða búi. Skorað er á stjórnvöld að hefja vinnu við mótvægisáðgerðir án tafar.



Raforkumál

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, krefst þess að úttekt verði gerð á afhendingaröryggi rafmagns á Vesturlandi og viðbragðsáætlanir vegna bilana verði endurmetnar. Rafmagnsleysi hefur aukist að undanfögnu á ýmsum stöðum á Vesturlandi og í ljós hefur komið að betur má standa að reglum um viðbrögð og sömuleiðis má herða kröfur um viðhald og endurnýjun raforkuvirkja.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, krefst þess að raforkuverð í dreifbýli verði sambærilegt og í þéttbýli. Með tilkomu raforkulaga árið 2005, hækkaði verð á raforku í dreifbýli. Til að mæta þeirri hækkun var ákveðið að niðurgreiða umframkostnað notenda í dreifbýli en það hefur ekki gengið eftir.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, skorar á stjórnvöld að hefja nú þegar lagningu þriggja fasa rafmagns í dreifbýli. Núverandi ástand er með öllu ótækt og hindrar verulega samkeppnishæfni og hagræðingu á mörgum býlum og fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Umhverfisvöktun með stóriðju

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008, samþykkir að skora á umhverfisráðherra að sjá til þess að umhverfisvöktun og mengunareftirlit með stóriðjufyrirtækjum á Vesturlandi verði fært til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.



Ályktanir aðalfundar SSV 2008

Samgöngumál-Samgöngunefnd

Aðalfundur SSV haldinn í Dalabyggð 18. september 2008 leggur fram eftirfarandi ályktanir um samgöngumál:

Aðalfundur SSV fagnar tilkomu Hvalfjarðarganga og óskar Speli innilega til hamingju með 10 ára afmælið. Aðalfundur hvetur til þess að hvergi verði slakað á í undirbúningi að tvöföldun ganganna.

Nýframkvæmdir.

Vegsamband á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins.

Aðalfundurinn krefst þess að sem fyrst verði vegsamband á milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins bætt í samræmi við breytta byggðaðróun og aukið umferðarálag og skipulag á svæðinu. Má þar nefna:

- Áherslu á tvöföldun þjóðvegjar um Kjalarnes.
- Vegtenging frá Sæbraut yfir á Kjalarnes.
- Tvöföldun þjóðvegjar frá Hvalfjarðargöngum að Bifröst í áföngum.
- Auknum umferðarþunga á vegum verði nú þegar mætt, á vissum köflum, með 2+1 vegi sem nýtist þegar framtíðarvegur 2+2 er byggður upp á leiðinni Reykjavík – Bifröst.
- Nú þegar verði hafinn undirbúningur að færslu þjóðvegjar 1 við Borgarnes og ný veglína sett í umhverfismat.
- Farið verði í alhliða skoðun á vegstæði um Grunnafjörð m.t.t tvöföldun þjóðvegjarins um svæðið og verði tekið tillit til takmarka og skilmála friðlands í Grunnafirði, samkv. auglýsingu umhverfisráðuneytis frá 30. sept. 1994.

Viðhald, tengivegir og héraðsvegir.

- Nauðsyn þess að viðhalda því vegakerfi sem nú þegar hefur verið byggt upp á Vesturlandi og styrkja helstu vegi þannig að þeir hafi fullt burðarþol allt árið.
- Nauðsyn þess að meira fjármagn verði veitt í tengivegi, héraðsvegi og styrkvegi.
- ✓ Lagt verði bundið slitlag á tengivegi og fjölförnustu héraðsvegi.



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

- ✓ Að lagfæra gatnamót Varmalands og Borgarfjarðarbrautar.
- ✓ Lögð áhersla á að halda áfram uppbyggingu á Skorradalsvegi.
- ✓ Lögð er áhersla á að haldið verði áfram við endurbætur á Hvítárvallarvegi en þar um að ræða mikilvæga tengingu við háskólasvæðin.
- ✓ Að halda áfram við endurbætur á vegi milli Vestur- og Suðurlands um Uxahryggi og Lundarreykjadal og hann lagður bundnu slitlagi.
- ✓ Að hraðað verði uppbyggingu vegarins á Skógaströnd og hann lagður bundnu slitlagi.
- ✓ Að hraðað verði úrbótum vegum á Fellsströnd og Skarðsströnd og þeir bundnir slitlagi.
- ✓ Byggja upp veginn um Laxárdal og Laxárdalsheiði, sem er aðalleið á milli Vesturlands og Norðurlands og hann lagður bundnu slitlagi.
- ✓ Að halda áfram uppbyggingu vega um Svínadal í Hvalfjarðarsveit og Geldingadraga.
- ✓ Að lagfæra og leggja bundið slitlag á Skorholtsveg í Hvalfjarðarsveit.

Tilraunaverkefni um héraðsvegi

sem gengur út á að fela sveitarstjórnnum að stýra skiptingu fjármagns til viðhalds og nýframkvæmda héraðsvega í landshlutanum. Aðalfundur SSV skorar á stjórnvöld að gera samning við áhugasöm sveitarfélög á Vesturlandi um þetta verkefni.

UMFERÐARÖRYGGI.

Aðalfundur SSV, haldinn í Dalabyggð 18. september 2008 hvetur til þess að:

- Átak verði gert við endurbætur á hættulegum gatnamótum og fjölfarin gatnamót verði upplýst.
- Áfram verði unnið að átaki við fækkun einbreiðra brúa, en jafnframt er bent á nauðsyn þess að endurbyggja þær brýr sem ekki þola núverandi umferðarþunga.
- Lagfæra missig vega, einkum þeirra sem eru með bundið slitlag.
- Halda áfram að lagfæra vegkanta sem víða skapa hættu vegna þess hve vegir eru mjóir.
- Að tryggja fjármagn til girðinga meðfram öllum þjóðvegum landsins og veghaldara verði skylt að sjá um viðhald á öllum girðingum meðfram vegum sem hafa meira en 300 SDU (Sumardagsumferð)



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Aðalfundurinn hvetur til þess að:

Veggjald um Hvalfjarðargöng verði afnumið.

Fjarskiptamál.

Gerð er krafa um að allir íbúar landsins sitji við sama borð varðandi aðgengi að háhraðaneti um adsl eða sambærilegt. Að gerðar verði lágmarkskröfur til fjarskiptafyrirtækja sem skilgreina sig starfandi á markaðssvæðum, þannig að tryggt verði að íbúar dreifbýlis megi treysta því að fá þá þjónustu sem umrædd fyrirtæki veita.

Flugvöllurinn í Reykjavík

Aðalfundur SSV haldinn 18. september 2008 í Dalabyggð ályktar að innanlandsflugvöllur verði áfram staðsettur í Vatnsmýrinni og uppbyggingu samgöngumiðstöðvar verði flýtt.

Flugvöllurinn að Stóra Kroppi verði endurbyggður og hann nýttur sem kennsluflugvöllur og létti þar með æfingaflugi af Reykjavíkflugvelli.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSV hvetur til að ríkið tryggi fjármagn til eflingar og uppbyggingar almenningssamgangna á Vesturlandi.

Ályktun um Sundabraut og vegagerð um Kjalarnes og Kollafjörð.

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, haldinn að Laugum í Sælingsdal, fimmtudaginn 18. september 2008, skorar á þá sem hlut eiga að máli við skipulags- hönnunar- og undirbúningsvinnu ýmiskonar að beita sér fyrir því að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist. Það eru miklir hagsmunir í húfi að Sundabraut geti orðið að veruleika sem allra fyrst. Ekki aðeins fyrir höfuðborgarsvæðið, heldur engu síður fyrir meginhluta landsbyggðarinnar og fyrir Vesturland er það gríðarlegt hagsmunamál.

Fundurinn leggur áherslu á að við val á vegstæði um Kollafjörð verði kappkostað að stytta leiðina milli Reykjavíkur og Vesturlands sem mest. Einnig verði hugað sérstaklega að veðurfarlegum þáttum m.t.t. umferðaröryggis.



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Stjórn og nefndir SSV

Stjórn SSV

Aðalmenn

Eydís Aðalbjörnsdóttir
Hrönn Ríkharðsdóttir
Páll S Brynjarsson
Jenný Lind Egilsdóttir
Þorgrímur Guðbjartsson
Erla Friðriksdóttir
Kristjana Hermannsdóttir

Varamenn

Haraldur Helgason
Rún Halldórsdóttir
Björn Bjarki Þorsteinsson
Finnbogi Leifsson
Ása Helgadóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Brynja Mjöll Ólafsdóttir

Formaður stjórnar: Páll Brynjarsson.

Skoðunarmenn

Aðalmenn

Eiríkur Ólafsson
Hallfreður Vilhjálmsson

Varamenn

Jón Pálmi Pálsson
Pétur Davíðsson

Samgöngunefnd

Aðalmenn

Davíð Pétursson
Guðmundur Vésteinsson
Sæmundur Víglundsson
Sigríður Björk Jónsdóttir
Hallfreður Vilhjálmsson
Kristinn Jónasson
Sigríður Finsen

Varamenn

Ása Helgadóttir
Sveinn Kristinsson
Þórður Þórðarson
Finnbogi Leifsson
Þórður Ingólfsson
Kristján Þórðarson
Þórey Jónsdóttir

Vesturlandsstofa.

Aðalmenn

Helga Ágústsdóttir

Varamenn

Karen Emelía Jónsdóttir

Fulltrúi SSV í stjórn Ferðamálasamtaka Vesturlands.

Aðalmenn

Arnheiður Hjörleifsdóttir

Varamenn

Hrefna B. Jónsdóttir



SSV

Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Fulltrúi SSV í samvinnunefnd miðhálandis.

Aðalmenn

Snorri Jóhannesson

Varamenn

Hrefna B. Jónsdóttir

Fjöliðjan

Guðrún Fjeldsted.

Magnús Guðmundsson.